



FAS og grenndarsamfélagið

Lokaskýrsla

Efnisyfirlit

1. Markmið verkefnis.....	2
2. Vinna verkefnastjóra	2
3. Leiðir að markmiði.....	2
3.1. Vísindadagar	2
3.1.1. Eins manns rusl.....	3
3.1.2. Setmyndun og árfarvegir	3
3.1.3. Bláðamenska	3
3.1.4. Könnun á lestri.....	3
3.1.5. Landslagið.....	4
3.1.6. Menningaminjar	4
3.1.7. Nútímamenning.....	4
3.1.8. Skapandi skrif	5
3.2. Einstakir áfangar.....	5
3.2.1. VFÉ173.....	5
3.2.2. NÁT273	5
3.3. Verkefni í einstaka áföngum.....	6
3.3.1. Stærri verkefni	6
3.3.2. Minni verkefni.....	6
3.4. Erlent samstarf	7
3.5. Nemendafundur um sjálfbært og lýðræðislegt félagslífið í FAS.....	7
4. Niðurstöður verkefnis.....	7
4.1. Frávik og hindranir.....	7
4.2. Helstu ávinningar.....	7
4.3. Yfirlit yfir framkvæmd verkefnis:.....	8
4.4. Markmiðssetning – niðurstaða.....	8
5. Kynning á verkefni	8

1. Markmið verkefnis

Á haustdögum 2010 gerðu Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu með sér samning um verkefnið *FAS og grenndarsamfélagið* en verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði fyrir skólaárið 2010 – 2011. Verkefnið gengur út á það að þróa og skipuleggja verkefna- og rannsóknarvinnuna út frá fimm grunnþáttum skólastarfs þar sem menntun til sjálfbærni er leiðandi þáttur og efla þannig nám á þriðja þrepi samanber hugmyndir um nýtt skipulag náms í framhaldsskóla. Með því að efla félagslegt, menningarlegt og náttúrfarslegt læsi nemenda á nærsamfélagið, skoða hver staða lýðræðisins, jafnréttisins og sjálfbærrar þróunar er og um leið að hvetja nemendur til virkrar þátttöku í grenndarsamfélaginu er verið að setja þekkingu nemenda í samhengi við það sem blasir við þeim og þjálfá þá í að beita í sínu umhverfi þeirri þekkingu og leikni sem þeir hafa tileinkað sér. Þessi hugsun er í anda þess að sjálfbær þróun snúist ekki bara um umhverfismál í þröngum skilningi þess orðs, heldur þurfi til dæmis bæði lýðræði og jafnræði til að koma slíkum breytingum í gegn í hverju samfélagi.

2. Vinna verkefnastjóra

Vinna verkefnastjóra var fólgin í eftirfarandi:

1. Að halda utan um upplýsingar varðandi verkefnið
2. Að skipuleggja vísindaviku með tillit til verkefnis
3. Að skipuleggja og hafa umsjón með nemendafundi á vorönn 2011
4. Að skrifa lokaskýrslu

3. Leiðir að markmiði

Farnar voru fimm meginleiðir til að ná fram markmiðum verkefnisins. Í fyrsta lagi var verkefnið tengt vísindadögum skólans, í öðru lagi var markmið verkefnisins haft að leiðarljósi í einstaka áföngum og í þriðja lagi voru minni verkefni í áföngum tengd verkefninu. Einnig var haldin stór nemendafundur um félagslíf nemenda skólans og auk þess tengdist erlent samstarf við aðra skóla við verkefnið

3.1. Vísindadagar

Á hverju áru eru haldnir vísindadagar í FAS og var ákveðið að tengja vinnu nemenda á vísindadögum við verkefnið. Á vísindadögum er hefðbundið skólastarf brotið upp og vinna nemendur þess í stað að styttri verkefnum. Markmið vísindadaga er m.a. að skapa umhverfi þar sem nemendur takast á við krefjandi verkefni í stuttan tíma. Haldin var fundur með fulltrúum Háskólasetursins á Hornafirði, Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, Sveitafélagsins Hornafjörður og Nýsköpunarmiðstöðvar þar sem komið var með tillögum að verkefnavinnu nemenda. Í upphafi höfðu nemendur um tíu verkefni að velja en þegar til kom völdu nemendur sig frá verkefnum tengdum jafnrétti og lýðræði. Afurðir vísindadaga voru gerðar sýnilegar á vef skólans og eru að finna á eftirfarandi slóð:

<http://www.fas.is/visindadagar/>. Verkefnin sem nemendur unnu voru eftirfarandi; eins manns rusl, setmyndun og árfarvegir, blaðamennska, könnun á lestri, landslagið, menningaminjar, nútíma-menning og skapandi skrif.

3.1.1. Eins manns rusl

Í þessu verkefni áttu nemendur að finna hluti sem flokkast sem rusl og hanna úr þeim nýja hluti eða nýta þá á uppbyggilegan hátt. Nemendur fóru í Áhaldahús Sveitarfélagsins Hornafjarðar í leit að fýsilegum hlutum í verkefnið og hönnuðu verkið í kennslustofu skólans.

Tenging við fimm grunnþætti skólastarfs og nærumhverfi: Eins manns rusl tengist *nærumhverfinu* á þann hátt að nemendur kynnst endurvinnslu á Hornafirði. Þau fá tækifæri til að þjálfast í *menningarläsi* því í námi þessu sköpuðu nemendur nýjan hlut úr gömlum. Verkefnið er einnig nátengt *menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarfi* því gerð var krafa um að nemendur endurnýttu gamla og ónýta hluti en var í sjálfval sett hvernig sú sköpun fór fram.

3.1.2. Setmyndun og árfarvegir

Verkefni þetta gekk út á að skoða eiginleika árfarvega með tillit til kornastærðar og hvernig kornastærð er háð fjarlægð frá árósi í átt til upptaka. Farið var í feltferð að Hoffellsá í Nesjum, sýni tekin ásamt ljósmyndum og unnið úr niðurstöðum í kennslustofu skólans. Áhersla var lögð á að nemendur átti sig á að jarðvegur er verðmæt auðlind sem m.a. er nýtt til vegagerðar og steypuframkvæmdar.

Tenging við fimm grunnþætti skólastarfs og nærumhverfi: Þetta verkefni tengist *nærumhverfinu* því nemendur fá tækifæri til að kynnst Hoffellsánni og umhverfi hennar ásamt þeim áhrifum sem hún hefur á umhverfi sitt. Verkefnið tengist *läsi í víðum skilningi* því nemendur öðlast læsi á náttúruna og læsi á hvernig árfarvegir eru samsettir. Verkefnið er hreint vísindaverkefni og tengist *skapandi skólastarfi* á þann hátt. Tekin voru sýni, úr þeim unnið, þau túlkuð og niðurstöður lagðar fram. Lögð var áhersla á að tengja fræðin við hinn raunverulega heim.

3.1.3. Blaðamennska

Í þessum hóp skrifuðu nemendur blaðgreinar sem birtust á vef skólans. Blaðgreinarnar fjölluðu m.a. um hornfirskt samfélag og viðhorf og daglegt líf einstakra hornfirðinga.

Tenging við fimm grunnþætti skólastarfs og nærumhverfi: Í þessu verkefni kynntust nemendur hornfirsku samfélagi með gleraugum blaðamannsins á nefinu og tengist verkefnið *nærumhverfinu* á þann hátt. Vinnubrögð nemenda voru *lýðræðisleg* því þau ákváðu sjálf þau verkefni sem tekin voru fyrir, bjuggu til verkefnalista og skiptu með sér verkum án afskipta kennara. Verkefnið *tengist læsi í víðum skilningi og skapandi skólastarfi* því nemendur öðlast læsi á samfélag sitt með umfjöllun sinni og eðli málsins samkvæmt sköpuðu nemendur sinn eigin texta.

3.1.4. Könnun á lestri

Í þessu verkefni gerðu nemendur könnun á lestri fjölmiðla í Sveitafélaginu Hornafirði. Kannaður var lestur á Eystrahorni sem er fréttablað svæðisins og Ríki Vatnajökuls sem er vefmiðill svæðisins.

Tenging við fimm grunnpætti skólastarfs og nærumhverfi: Verkefnið tengist grenndarsamfélaginu því verið er að kanna stöðu fjölmiðla í sveitafélaginu. Verkefni tengist læsi í víðum skilningi því það miðar af því að gera nemendur læsari á umhverfi sitt en ella. Það tengist skapandi skólastarfi þar sem nemendur fundu sinn eigin farveg varðandi verkefnaval og unnu og útfærðu verkefnið sjálf frá grunni.

3.1.5. Landslagið

Hópur þessi skoðaði landslagið á Hornafirði ásamt því að grafast fyrir um þjóðsögur sem tengjast nöfnum tiltekinni staða og fjalla.

Tenging við fimm grunnpætti skólastarfs og nærumhverfi: Verkefni þetta tengist *nærumhverfinu* því nemendur fá tækifæri til að kynnst nöfnum á náttúrlegu umhverfi sínu og þjóðsögum tengdum þeim. Nemendur söfnuðu vitneskju um umhverfi sitt og settu hana fram á eigin hátt sem er í anda *skapandi skólastarfs*. Nemendur verða læsari á umhverfi sitt og landslag sem *tengist læsi í víðum skilningi*.

3.1.6. Menningaminjar

Nemendur í þessum hóp könnuðu nærumhverfi sitt með hliðsjón af þeim menningarminum sem leyndust á staðnum með það í huga að kanna hvar menningarminar framtíðarinnar væru að finna.

Tenging við fimm grunnpætti skólastarfs og nærumhverfi: Verkefnið tengist *nærumhverfinu* því nemendur rannsökuðu menningarminar í nærumhverfi sínu. Verkefnið tengist *læsi í víðum skilningi* á tvennan hátt. Annars vegar urðu nemendur að lesa sig til um hugsanlegar menningaminjar og hvar þær væru að finna. Hins vegar öðlast nemendur þekkingu og læsi á sínu nánasta umhverfi og sögu. Verkefnið tengist einnig skapandi skólastarfi því nemendur þurftu að vinna saman, beita hugmyndaflugi sínu til að tengja saman nútíð og fortíð og að velja staði og minjar sem þau töldu þess virði að varðveita.

3.1.7. Nútímamenning

Í þessu hluta fengu nemendur það verkefni að ferðast um sveitafélagið og taka ljósmyndir og kvikmyndir af því samfélagi sem þau búa í.

Tenging við fimm grunnpætti skólastarfs og nærumhverfi: Verkefnið tengist *nærumhverfinu* því nemendur kynntust samfélaginu sem þau búa í gegnum myndmiðil. Verkefnið tengist *læsi í víðum skilningi* því það er til þess fallið að fá nemendur til að sjá umhverfi sitt í nýju ljósi og átta sig á mikilvægi þess að halda til haga hversdagslegum atburðum í lífi fólks á Hornafirði. Verkefni var *skapandi* því nemendur völdu sjálfir hvað var þess virði að festa á filmu. Verkefnið var *lýðræðislegt* því nemendur ákváðu í sameiningu hlutverk hvers og eins.

3.1.8. Skapandi skrif

Þessi hópur nemenda unnu við það að yrkja ljóð og semja styttri texta.

Tenging við fimm grunnpætti skólastarfs og nærumhverfi: Verkefnið tengist *nærumhverfinu* því nemendur ortu m.a. ljóð um Höfn, skrifuðu bernskuminningu og sömdu mannlýsingu um manneskju sem þau þekktu eða könnuðust við. Verkefnið tengist *læsi í víðum skilning* því nemendur fengu þjálfun í meðferð og sköpun texta. Einnig öðluðust þau læsi á skáldlegan og listrænan texta. Verkefnið tengist *skapandi skólastarfi* því nemendur unnu með eigin sköpunargáfu þar sem þau fengu tækifæri til að semja listrænan texta í formi ljóða og sagna. Verkefnið er *lýðræðislegt* að því leiti að nemendur unnu saman að því að semja texta.

3.2. Einstakir áfangar

Undanfarin ár hafa nemendur getað valið sér verkefnaáfangana í félags- og náttúruvísindum. Í þessum áföngum vinna nemendur eitt stórt þriggja eininga verkefni í hópum eða sem einstaklingsvinnu. Í ljósi verkefnisins *FAS og grenndarsamfélagið* var ákveðið að þrengja val nemenda á viðfangsefni og urðu nemendur að tengja verkefni sitt við heimabyggð á einn eða annan hátt.

3.2.1. VFÉ173

Í gegnum tíðina hefur verið boðið upp á verkefnaáfangana í félagsvísindum í FAS fyrir nemendur sem eru á síðara hluta námsferils síns. Áfangar þessir eru SAG403, SAG503, FÉL503 og FJÖ303. Ákveðið var að sameina þessa áfanga í einn og er hann kallaður Verkefnaáfangi í félagsvísindum 173 (VFÉ173). Í áfanganum velja nemendur sér verkefni í samvinnu við kennara sem byggir á megindegjum eða eigindlegum grunni. Verkefnin urðu að tengjast heimabyggð á áþreifanlegan hátt. Dæmi um verkefni er til að mynda skoðanakönnun á meðal félagsmanna Hestamannafélagsins Hornfirðingur, skoðanakönnun á internetnotkun nemenda í FAS, saga grasrótartónlistar á Höfn og saga frjálsra íþrótta á Höfn.

Tenging við fimm grunnpætti skólastarfs og nærumhverfi: Verkefnin tengdust öll *nærumhverfinu* því nemendum var skylt að finna sér verkefni sem tengist heimabyggð á einn eða annan hátt. Verkefnin vor til þess fallin að auka *læsi* nemenda á nánasta umhverfi sitt. Verkefnið var *lýðræðislegt* því nemendur og kennari ákváðu í sameiningu val á viðfangsefni. Verkefnavinna var *skapandi* því hún stuðlaði að sjálfstæðum vinnubrögðum og frumkvæði nemenda.

3.2.2. NÁT273

Á haustönn var boðið upp á áfangann Náttúrfræði 273 og var hann verkefnaáfangi. Í þessum áfanga unnu nemendur í sameiningu eitt stórt verkefni alla önnina. Í verkefni þessu rannsökuðu nemendur notkun fiskúrgangs sem áburð á tún.

Tenging við fimm grunnpætti skólastarfs og nærumhverfi: Verkefnið tengdist *nærumhverfinu* rannsakað var umhverfi í nágrenni við Höfn. Sterk tengsl eru við *menntun til sjálfbærni* því í verkefni þessu fengu nemendur tækifæri til að átta sig á samspilinu milli umhverfis, efnahags og samfélags. Verkefni er einnig til þess fallið að auk *læsi* nemenda á umhverfi sínu og samfélagi.

3.3. Verkefni í einstaka áföngum

Í upphafi skólaárs var lögð áhersla á að kennara í FAS hefðu markmið verkefnis að leiðarljósi í verkefnavinnu nemenda. Í þremur áföngum unnu nemendur stærri verkefni sem voru stór hluti af námsmati. Einnig unnu nemendur smærri verkefni í einstaka áföngum.

3.3.1. Stærri verkefni

Náttúrufraeði 103: Nemendur unnu vöktunarverkefni sem hófst haust 2010. Fimm reitir eru merktir á Skeiðarásandi. Þeirra er vitjað á sama tíma einu sinni á ári og fylgst með gróðurframvindu. Tengsl við grunnþætti: Læsi í víðum skilning, skapandi skólastarf og menntun til sjálfbærni.

Líffraeði 113: Í þessum áfanga voru tvö fuglaskoðunarverkefni í gangi. Annars vegar voru fjörur Óslands rannsakaðar þar sem lífríki fjörunnar voru skoðaðar ásamt beltaskiptingu á gróðri og lífverum. Fuglar voru taldi á hálf mánaða fresti. Hins vegar var í gangi fuglaskoðunarverkefni í Lóni þar sem álftrir voru taldar. Auk þess voru framkvæmdar ýmsar aðrar mælingar, s.s. mæling á seltu og hita- og sýrustigi vatnsins. Einnig voru tekin sýni með svifhár til greiningar. Tengsl við grunnþætti: Læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf.

Heimspæki 123: Þessi áfangi er siðfræðiáfangi og í stað lokapróf var haldin málþing sem fjallaði um siðfræði og staðalímyndir í hornfirsku samfélagi. Nemendur unnu saman að verkefnum tengdum viðfangsefninu og kynntu þælingar sínar á málþinginu. Tengsl við grunnþætti: Læsi í víðum skilningi, lýðræði, skapandi skólastarf.

3.3.2. Minni verkefni

Félagsfræði 203: Nemendur endurtóku tilraunir Garfinkels en þær snúast um að brjóta almennar samskiptareglu og rannsaka viðbrögð fólks. Tengsl við grunnþætti: Læsi í víðum skilningi, skapandi skólastarf.

Fjölmíðlafræði 203: Í þessum áfanga var fjalla sérstaklega um kvikmyndir sem hafa verið gerðar í Austur-Skaftafellssýslu. Tengsl við grunnþætti: Læsi í víðum skilningi.

Jarðfræði 103: Eitt af minni verkefnum þessa áfanga var heimsókn á steinasafnið. Huldustein. Einnig var farið í stuttar ferðir í næsta nágrenni og á jöklasýninguna. Í Óslandinu voru skoðaðar holufyllingar og steingervingar. Tengsl við grunnþætti: Læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf.

Náttúrufraeði 113: Í þessum áfanga var jökull mældur með tillit til hops hans eða framgangs og hafa þær mælingar staðið í um tvo áratugi. Einnig eru skoðuð ummerki útrænu aflanna og ísaldarjökulsins. Tengsl við grunnþætti: Læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf.

Jarðfræði 203: Í þessum áfanga var farið í nokkrar heimsóknir yfir önnina. Má þar t.a.m. nefna veðurathugunarstöð, útibú Hafrannsóknarstofnunar og starfsemi Hafnarvigtarinnar kynnt. Tengsl við grunnþætti: Læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf.

3.4. Erlent samstarf

Í gegnum tíðina hefur FAS tekið þátt í erlendum samskiptum og eru þau samskipti sífelld að aukast. Á skólaárinu 2010 – 2011 voru eftirfarandi verkefni í gangi: *Comeniusarverkefni* sem er samstarfsverkefni FAS við menntaskóla í Trír í Þýskalandi. Verkefnið gengur m.a. út á að nemendur skólanna sitt nærsamfélag. Einnig fóru nemendur ásamt kennurum í skiptiheimsóknir.

3.5. Nemendafundur um sjálfbært og lýðræðislegt félagslífið í FAS

Endapunktur þessa verkefnis var nemendafundur sem haldin var um félagslífið í FAS. Kannanir meðal nemenda hafa ítrekar sýnt að nemendur eru ósáttir við félagslífið skólanum og var ákveðið að bregðast við því. Markmið fundarins var að leggja grunn að sjálfbæru og lýðræðislegu félagslífi nemenda í FAS. Fyrir fundinn var búið að skipa átta fundarstjóra og ritara. Nemendum var skipt niður í átta hópa og hafði hver hópur sinn fundarstjóra og ritara. Fundinum sem var frá 9⁰⁰ – 13⁰⁰ var skipt niður í minni einingar þar sem tekið var fyrir ákveðin málefni. Í lok fundar kynntu nemendur hugmyndir sínar að bættu félagslífi nemenda og enduðu nemendur og kennarar á því að borða saman í mótuneyti skólans. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Sveitafélagið Hornafjörður. Tengsl við grunnþætti: Læsi í víðum skilningi, skapandi skólastarf, lýðræði og jafnrétti.

4. Niðurstöður verkefnis

Verkefnið gekk almennt mjög vel. Kennarar og nemendur tóku vel í hugmyndina og myndaðist góður samhljómur í skólanum um að gera verkefnið eins vel úr garði og mögulegt var.

4.1. Frávik og hindranir

Farið var að mestu eftir áætlun verkefnis. Þó verður að segjast að lítil tenging var við þann hluta grunnþátta sem laut að jafnrétti. Engar alvarlegar hindranir voru á framkvæmd verkefnis.

4.2. Helstu ávinningar

Ávinningar verkefnis eru marvíslegir. Ákveðið hefur verið að inntak verkefnis fléttist inn í skólastarf FAS og endurspeglar almennt í starfi nemenda og kennara. Einnig hefur komið til tals að vísindadagar verði einingarbært nám en sú umræða spannst eftir vel heppnaða vísindadaga. Að lokum má nefna að óbeint framhald verður á verkefninu þar sem sprotasjóður hefur samþykkt umsókn skólans um styrk til verkefnisins *Sjálfbært og lýðræðislegt félagslíf í FAS*. Í því verkefni verður farið í markvissa vinnu sem lýtur að því að gera nemendur sjálfa ábyrga fyrir sínu eigin félagslífi.

4.3. Yfirlit yfir framkvæmd verkefnis:

Vísindadagar	<ul style="list-style-type: none">• Eins manns rusl• Setmyndun og árfarvegir• Blaðamennska• Könnun á lestri• Landslagið• Menningarminjar• Nútímamenning• Skapandi skrif
Einstaka áfangar	<ul style="list-style-type: none">• Verkefnaáfangar í félagsfræði (VFÉ173)• Verkefnaáfangi í líffræði (LÍF303)
Minni verkefni í áföngum	<ul style="list-style-type: none">• Málstofa í HSP123• Tilraun Garfinkels í FÉL203• Umfjöllun um kvikmyndir í Austur-Skaftafellssýslu í FJÖ203• Vöktunarverkefni á Skeiðarársandi í NÁT103• Fuglaskoðunarverkefni í LÍF113• Styttri heimsóknir og verkefni í JAR103• Jöklamælingar í NÁT113• Styttir heimsóknir í JAR203
Erlent samstarf	<ul style="list-style-type: none">• Comeniusarverkefni
Nemendafundur	<ul style="list-style-type: none">• Fundur um sjálfbært og lýðræðislegt félagslíf

4.4. Markmiðssetning – niðurstaða

Í upphafi verkefnis var lagt upp með að leiðir að markmiði væri sem fjölbreytilegastar og teljum við að það hafi náðst. Verkefnið náði yfir marga þætti náms og var verkefnavinna nemenda um grenndarsamfélagið margþætt og fjölbreytt. Nemendur öðluðust haldbæra og margbreytilega þekkingu á nærsamfélagi sínu. Samþætting verkefnavinnu nemenda á grunnpáttum skólastarfs tókst að mestu. Ákveðið hefur verið að hugmyndafræði og markmið verkefnisins verði hluti af stefnu skólans.

Nemendafundur um félagslífið í FAS var mikilvægur lokapunktur verkefnisins en á sama tíma var hann einnig upphafið af öðru verkefni sem hefur yfirskriftina *Sjálfbært og lýðræðislegt félagslíf í FAS*. Markmið þessa verkefnis er að koma á sjálfbæru og lýðræðislegu félagslífi í FAS þar sem skapandi hugsun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi verða höfð að leiðarljósi. Verkefnið *FAS og grenndarsamfélagið* mun því lifa áfram þrátt fyrir formlegum lokum þess.

5. Kynning á verkefni

Skýrsla þessi um verkefnið verður sett á heimasíðu skólans.

Hildur Þórsdóttir, júní 2011